

Ed.

417. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

I. Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 2. gr. 14. (Stimpilgjald).
Fyrir »300000« kemur 600000
2. Við 2. gr. 21. (Skólagjöld).
Fyrir »3000« kemur 20000
3. Við 4. gr. 5. (Hlutfjárarður í Eimskipafjel.).
Liðurinn fellur niður.

II. Frá Halldóri Steinssyni.

1. Við 12. gr. 13. c. (Borgarfjarðarhjerað).
Liðinn skal orða svo:
Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði 20000
2. Við 12. gr. 13. i. Nýr liður:
Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni að
afla sjer nýrrar læknispekkingar 1500
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum land-
læknis, og má hann ekki fara fram úr 200 kr. fyrir
hverja mánaðardvöl erlendis.

III. Frá Jónasi Jónssyni.

Við 12. gr. 13. q. Nýr liður:

Sjúkrastyrkur handa Elínu Sigurðardóttur 500

IV. Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 13. gr. C. 1. a. (Styrkur til Esju).

Fyrir »180000« kemur 150000

2. Við 14. gr. B. 1. a. (Laun við háskólann).

Fyrir »104000« kemur 97000

3. Við 14. gr. B. I. d. (Námsstyrkur við sama skóla).

Fyrir »10000« kemur 13000

4. Við 14. gr. B. II. a. (Háskólanám erlendis).

Fyrir »12000« kemur 15000

V. Frá Birni Kristjánssyni.

1. Við 14. gr. B. VII. aths. (Skólagjöld).

Fyrir »150 kr.« kemur: 100 kr.

2. Við 14. gr. B. XIV. 3. (Kvöldskóli verkamanna).

Liðinn skal orða svo:

Til lýðskólans í Bergsstaðastræti 600

Til vara: Liðurinn fellur niður.

VI. Frá Jónasi Jónssyni.

Við 14. gr. B. XVIII. 1. (Sundkensla í Rvík).

Á eftir »ríkisskólanna« i aths. kemur: og skóla fyrir unglínga og fullorðna, sem styrklir eru af ríkisfje.

VII. Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 15. gr. 2. a. (Laun við Þjóðskjalasafn).

Fyrir »13000« kemur 6750

2. Við 15. gr. 2. b. (Skjalaband).

Fyrir »1000« kemur 1500

VIII. Frá Birni Kristjánssyni og Sigurði Eggerz.

Við 15. gr. 15. (Jóh. L. L. Jóh.).

Fyrir »5000« kemur 6000

IX. Frá fjárveitinganefnd.

Við 15. gr. 17. (Hannes Þorsteinsson).

Fyrir »2000« kemur 1500

X. Frá mentamálanefnd.

Við 15. gr. 17. Nýr liður:

Til Sigurðar Nordals prófessors, til ritstarfa, 2000 kr.
með verðstuðulsuppbót 3000

XI. Frá Jóhanni Jósefssyni.	
Við 16. gr. 15. Nýr liður:	
Til erindreksstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að	10000
XII. Frá Jónasi Jónssyni.	
Við 16. gr. 30. Nýr liður:	
Til Ísafjarðarkaupstaðar, til hafskipabryggju, gegn þreföldu framlagi frá kaupstaðnum, allt að	55000
Styrkurinn greiðist á þann hátt, að skuld_kaupstaðarins við ríkissjóð lækki um þá upphæð, er styrknum nemur.	
XIII. Frá fjárveitinganefnd:	
1. Við 18. gr. I. b. (Embm.ekkjur og börn).	
Fyrir »14069,89« kemur	14269,89
2. Við 18. gr. II. a. 5. Nýr liður.	
Til Jóns Jacobson landsbókavardar, ef hann lætur af embætti	3000
XIV. Frá Ingvari Pálmasyni.	
Við 18. gr. II. f. 16. (Stefán Stefánsson).	
Fyrir »300« kemur	600
XV. Frá Jónasi Jónssyni.	
Við 18. gr. II. e. 12. Nýr liður:	
Til Guðmundar Björnssonar	200
XVI. Frá fjármálaráðherra.	
Við brtt. XVII.	
Fyrir »100000« í II. lið kemur... ..	168000
XVII. Frá fjárveitinganefnd.	
1. Við 19. gr. Greinina skal orða svo:	
Til óvissra gjalda o. fl. er veitt:	
I. Til óvissra gjalda	100000
Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögreglu eftirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögreglu eftirlit með fiskiveiðum í landhelgi o. fl.	
Sömuleiðis skal af þessari upphæð greiða gengismun á útborgunum erlendis samkvæmt þessum lögum, öðrum en lángreiðslum.	
II. Til hækkunar á dýrtíðaruppbót, að því leyti sem allsherjarvísitala samkvæmt launalögum væntanlega reynist hærri en áætlað er í fjárlögum hjer að framan ...	100000

2. Við 21. gr. 3. Nýir liðir:
- a. Ólafí J. Hvanndal myndamótara skal veittur 3 ára greiðslufrestur á afborgunum af viðlagasjóðsláni, sem nú er að eftirstöðvum 4334 kr.
 - b. Verksmiðjunni »Álafoss« skal veittur 3 ára greiðslufrestur á afborgunum af viðlagasjóðsláni bennar.
 - c. Af viðlagasjóðsláni Guðmundar Björnssonar sýslumanns skulu vextir taldir 2⁰/₀ lægri en útlánsvextir bankanna, en þó ekki hærrí en 6⁰/₀.

XVIII. Frá *Birni Kristjánssyni og Sigurði Eggeiz.*

Við 23. gr. Orðið »öðru« í annari málsgr. fellur niður.